

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi:

Keldugata 2-20, breyting á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts.

Breytingin er sú að ein fjölbýlishúsalóð verði lögð af. Íbúðum í götunni fjölgar alls um 3. Með lækkun bygginga á byggingarreit Keldugötu 14-18 mun útsýni allra íbúða við Holtsveg 23-25 aukast til muna niður að Urriðavatni, til vesturs, en með hækkun Keldugötu 20 um 1,5 metra mun útsýni íbúða á 3.-5. hæð skerðast óverulega, aðallega til norðvesturs.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 14. maí 2019.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 16. maí 2019